

Annar fundur var haldinn í Gammadeild DKG miðvikudaginn 6. október 2010, kl. 18:00 að heimili Gerðar G. Óskarsdóttir að Breiðahvarfi 2, Kópavogi.

Fyrirlesari: Valgerður Bjarnadóttir þingkona.

Tekið fyrir:

1. Fundarsetning.Formaður, Kristín Jónsdóttir, setti fund kl. 20:00. Alls sóttu 28 konur fundinn. Hún bauð konur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsmi. Nafnakall fylgdi. Alls sóttu 28 konur fundinn.

2. Minningarstund um Eygló Eyjólfsdóttur.Formaður hóf fund með minningarstund um Eygló Eyjólfsdóttur, fyrrverandi skólameistara og Gammasystur sem lést 28. september sl. og var jarðsöngurinn tveimur dögum eftir fundinn. Kristín tendraði hvítt kerti til minningar um Eygló ásamt kertunum rauðu og var borðið skreytt með hvíttri rós ásamt hinum hefðbundnu rauðu rósum. Eygló varð félagi í Delta Kappa Gamma árið 1992. Hún gegndi þar ýmsum trúnaðarstörfum. Meðal annars sat hún í stjórn Gammadeildar á árunum 1996-2000 og næstu tvö árin var hún formaður deildarinnar. Kristín greindi frá því að fána Delta Kappa Gamma yrði stillt upp í jarðarförinni.

Gerður, æskuvinkona Eyglóar minntist hennar í fáeinum orðum. Hún sagðist minnast Eyglóar sem gleðigjafa sem lyfti hverri samverustund með nærveru sinni, dillandi hlátri, léttleika og jákvæðum viðhorfum. Eygló var einlæg Gammasystir og reyndi eftir megni að láta ekki veikindin aftra sér frá að sækja fundi deildarinnar allt fram á sl. sumar. Hún gaf landssamtökunum fallegan texta um félagsskapinn sem við njótum til minningar um hana. Gerður minntist tryggjar vináttu þeirra allt frá menntaskólaárum.

Kristín las drög að minningargrein um Eygló frá DKG. Síðan las hún fallega grein eftir hana, *Myndbrot*, sem birtist í ritinu *Fyrirgefning og sátt* og lýsir því hvernig Eygló tók fréttum af því að hún væri komin með krabbamein.

2. Fundargerð síðasta fundar:Gerður ritari las fundargerð síðasta fundar sem haldinn var 16. september sl.

3. Konur og Evrópusambandið: Valgerður Bjarnadóttir, þingkona, var gestur fundarins og flutti fróðlegt erindi um ESB, sögu þess og stöðu samningaviðræðna Íslendinga við ESB. Valgerður hefur mikla þekkingu á ESB, bjó lengi í Brussel og tók m.a. þátt í samningum um viðbætur við EES-samninginn á árunum 1994-2001.

Hún rakti söguna frá stofnun Kola- og stálsambandsins í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar eða árið 1952, en stofnaðilar voru Belgía, Frakkland, Holland, Lúxembúrg, Ítalía og Vestur-Býskaland. Átlun þeirra var að tryggja frið í Evrópu meðal annar með efnahagslegu samstarfið. Síðan hefur meginmarkmið sambandsins verið að koma í veg fyrir að ríki Evrópu færu í stríð við hvert annað á ný.

Þessi ríki stofnuðu síðan **Efnahagsbandalag Evrópu** (EEC) með Rómarsáttmálanum árið 1957 (þar með talið Kjarnorkubandalag Evrópu). Árið 1973 bættust Danmörk, Írland og Bretland í hópinn. Þessi lönd vildu ekki missa af þeim efnahagslega ávinningi sem samvinnan leiddi til. Nokkrum árum síðar var kosið til Evrópuþingsins í fyrst sinn. Grikkland, Spánn og Portúgal gengu til liðs í sjöunda áratugnum. Schengen-samstarfið um opin landamæri var gert árið 1985. Ísland gerðist aðili að því þar sem áður voru opin landamæri milli Norðurlanda.

Evrópusambandið varð til með Maastricht-samningum árið 1993 og nokkur síðar gengu Austurríki, Finnland og Svíþjóð í ESB. Eftir síðustu aldamót gengu 12 fyrrum astantjalds ríki í ESB. Þá voru ríkin orðin 27. Nokkur lönd eru nú í opinberu umsóknarferli og önnur hafa hug á því.

Evrann varð gjaldmiðill í 12 landanna árið 2002.

Helstu stofnanir ESB eru:

Evrópuþingið í Lúxembúrg, en þar sem sitja 735 þingmenn frá öllum aðildarríkjunum, kjörnir með beinni kosningu. Þingið er löggjafarstofnun, sinnir eftirliti með stofnunum ESB og deilir fjárveitingavaldinu með ráðherraráðinu.

Ráðherraráðið, þar sem sitja ráðherrar frá öllum 27 löndunum, tekur ákvarðanir og samþykkir ESB löggjöf. Samsetning ráðsins ræðst af efnissviðinu.

Leiðtogaráðið, sem er skipað forsætisráðherrum eða þjóðhöfðingjum allra ESB-landanna ásamt forseta framkvæmdastjórnarinnar, mótar pólitíska stefnu og þróun ESB.

Framkvæmdastjórnin í Brussel hefur framkvæmdavald ESB og hefur frumkvæði að tillögum að löggjöf. Í því er einn aðili frá hverju landi.

Evrópuðómstóllinn í Lúxembúrg og **Endurskoðendadómstóllinn** eru einnig hluti af ESB. Á vegum ESB starfa einnig **Seðlabanki Evrópu** og **Fjárfestingabanki Evrópu**.

Valgerður rakti síðan umsóknarferil Íslands um aðild að ESB og sagði þar sitja hæfileikafólk í hverju rúmi.

Að loknu erindi Valgerður voru umræður og fyrirspurnir til hennar.

4. Súpa og söngur: Að loknu erindi Valgerðar snæddu konur rússneska rófusúpu. Þórunn settist við píanóið og Gamma-systur sungu lag og ljóð Eyglóar, þar á meðal Ónumin lönd og Trúmennska.

Formaður sleit fundi um kl. 21:00.

Fundarritari Gerður G. Óskarsdóttir.